

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík 13. 4. 2015

Tilvísun: 201504-0039/6.01.04
Starfsleyfi, umsagnir um teikningar

Varðandi

Umsókn ORF Líftækni um afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar lífverur í flokki I, í gróðurhúsi við Melabraut 4 Grindavík

Vísað er til erindis stofnunarinnar með fylgigögnum (Tilvísun: UST201502-018/A.B.G.) þar sem óskað er eftir afstöðu Vinnueftirlitsins til flokkunar athafnasvæðisins.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við upplýsingar í umsókn ORF Líftækni varðandi heilbrigðissjónarmið. Fyrirtækjaeftirlit Vinnueftirlitsins skoðaði vinnuaðstöðu ORF Líftækni við Melabraut 4 Grindavík þann 10. 4. 2015.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við flokkun Umhverfisstofnunar sem flokkar starfsemina undir afmörkunarflokk I, sbr. 3. gr. og viðauka 2, í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins



Jóhannes Helgason
Verkefnastjóri
Efna og hollustuháttadeild